



Borgarráð

Reykjavík 2. nóvember 2018

Fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um innheimtu Strætó á húsaleigu, frá 19. október 2018 - R18100295

1. Frá því Strætó bs. gerðist milligönguaðili um innheimtu húsaleigu fyrir þá starfsmenn sem komu til tímabundinna starfa í gegnum Elju starfsmannabjónustu, hefur engin þóknun verið greidd af Elju starfsmannabjónustu ehf. til Strætó fyrir þá innheimtu.
2. Ekki var ákvæði í ráðningasamningi Strætó og umræddra starfsmanna um að Strætó myndi innheimta leigu fyrir þriðja aðila. Hins vegar er ákvæði í undirrituðum húsaleigusamningi starfsmanna og Elju starfsmannabjónustu að leigan yrði innheimt með þeim hætti, að hún væri dregin frá launum hvers mánaðar af hálfu vinnuveitanda. Með hliðsjón af þessum samningi sem undirritaður var af starfsmönnum, samþykkti Strætó að húsaleigan yrði dregin af launum viðkomandi.
3. Heildaryfirlit greiðslna til Elju; þóknun vegna ráðninga, húsaleiga og annar kostnaðar.
 - a. Á árinu **2016**:
 - i. Voru 15 starfsmenn ráðnir til sumarafleysinga í gegnum Elju.
 - ii. Heildarþóknun vegna ráðninga án vsk var 2.386.427 kr. eða 159.095 kr. á starfsmann.
 - iii. Innheimt húsaleiga var samtals 1.441.800 kr. og annar kostnaður 300.000 kr.
 - b. Á árinu **2017**:
 - i. Voru 5 starfsmenn ráðnir til sumarafleysinga í gegnum Elju.
 - ii. Heildarþóknun vegna ráðninga var 1.100.000 kr. án vsk eða 220.000 kr. á hvern starfsmann.
 - iii. Innheimt húsaleiga var samtals 780.000 kr. og annar kostnaður 166.710 kr.
 - c. Á árinu **2018**:
 - i. Voru 27 starfsmenn ráðnir til sumarafleysinga í gegnum Elju.
 - ii. Heildarþóknun vegna ráðninga var 13.929.434 kr. án vsk eða 515.905 kr. á starfsmann.
 - iii. Innheimt húsaleiga var samtals 6.887.500 kr. og annar kostnaður 675.659 kr.

F.h. Strætó bs.

Ástríður Þórðardóttir

Sviðsstjóri fjármála og reksturs

Sigríður Harðardóttir

Sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs